

## FUNDUR Í FRAMKVÆMDARÁÐI SNÆFELLSNESS

12. fundur ráðsins haldinn

mánudaginn 23.janúar 2006 kl. 13:00 – 17: 30

í Félagsheimilinu Röst á Hellissandi

Á fundinn mættu Guðrún Bergmann, fulltrúi Snæfellsbæjar [guðrun@hellnar.is](mailto:guðrun@hellnar.is),

Róbert Stefánsson, fulltrúi Stykkishólmsbæjar [robert@nsv.is](mailto:robert@nsv.is),

Pórunn Sigbórsdóttir, umhverfisfulltrúi sveitarfélaganna á Snæfellsnesi [thorunn@nsv.is](mailto:thorunn@nsv.is),

Dagný Þórisdóttir, fulltrúi Stykkishólmsbæjar [dagny@stykkiholmur.is](mailto:dagny@stykkiholmur.is),

Ingibjörg Torfhildur Pálsdóttir, varamaður Grundarfjarðarbæjar [framnes@hotel-framnes.is](mailto:framnes@hotel-framnes.is),

Guðbjörg Gunnarsdóttir, fulltrúi Þjóðgarðsins Snæfellsjökuls [guðbjorg@ust.is](mailto:guðbjorg@ust.is),

Hrafnhildur Jóna Jónasdóttir, fulltrúi Grundarfjarðarbæjar [theyr@bref.is](mailto:theyr@bref.is),

Lydía Rafnsdóttir, fulltrúi Snæfellsbæjar [lydia@centrum.is](mailto:lydia@centrum.is).

Forföll boðuðu Ástþór Jóhannesson, fulltrúi Eyja-og Miklaholtshrepps

[salmo@islandia.is](mailto:salmo@islandia.is), Sigríður Finsen, fulltrúi Grundarfjarðarbæjar [finsen@soffi.is](mailto:finsen@soffi.is) – sem sendi varamann,

Hildibrandur Bjarnason, fulltrúi Helgafellssveitar [hildibrandur@simnet.is](mailto:hildibrandur@simnet.is).

### Dagskrá fundar:

1. Fjárhagsáætlun fyrir 2006 – yfirfarin og endanlega gengið frá henni miðað við fjárhagsárið 1. okt 2005 til 30. sept 2006
2. Framkvæmdaáætlun 2006– drög að henni lögð fram til samþykktar. Tillögur sendar meðfylgjandi dagskrá.
3. Bæklingur – tillögur frá ritnefnd sendar með dagskrá
4. Vefsíða
5. Umhverfisráðstefna í apríl á þessu ári – umræða
6. Úttekt á Snæfellsnesi í byrjun mars 2006 – undirbúningsúttekt í janúar
7. Umsóknir um styrki
8. Umhverfisverðlaun - styrkir
9. Önnur mál

## 1. Fjárhagsáætlun

Dagný lagði fram drög að fjárhagsáætlun fyrir 2006 og útskýrði hana fyrir fundarmönnum. Inn í áætlunina vantaði 250 þúsund króna kostnað vegna umhverfísráðstefnunnar sem haldin mun á þessu ári og um 640 þúsund króna tekjur vegna auglýsinga. Að öðru leyti voru engar athugasemdir gerðar við fjárhagsáætlunina.

## 2. Framkvæmdaáætlun 2006

Guðrún lagði fram drög að framkvæmdaáætlun fyrir árið 2006 . Varðandi orkunotkun, þá nefndi hún að skýrsla var unnin um orkutap í heimahúsum. Varðandi minnkun á úrgangsmagni, þá var ákveðið að leita upplýsinga um hugsanlega jarðgerðarstöð fyrir allt Snæfellsnes og kostnað sem slíkri framkvæmd gæti fylgt. Umhverfisfulltrúi mun kanna það mál. Þá var ákveðið að bæta við atriði um að standa fyrir fræðslu um notkun á jarðgerðarkössum fyrir notendur. Varðandi liðinn „líffræðileg fjölbreytni”, var ákveðið að leita tilboða í úttekt á votlendissvæðum á Snæfellsnesi og athugun á útbreiðslu lúpínu. Nokkur umræða var um fólkvanga, sem eru friðlýst svæði í eigu og rekstri sveitarfélaga. Fundarmönnum þótti forvitnilegt að kanna hvaða svæði heimafólk sæi sem mögulega fólkvanga og hvaða svæði væru heppileg sem slík. Auglýst verður eftir hugmyndum, sem yrðu síðan kynntar á Umhverfísráðstefnu í haust. Í framhaldi af því þyrfti að kanna viðhorf og vilja landeigenda og sveitarfélaga í hverju tilviki. Því verður á engan hátt um bindandi könnun að ræða. Varðandi ferðapjónustu, þá mun Þórunn sjá um að sækja um styrk til Ferðamálastofu til merkingar á einni gönguleið eða útsýnisstað.

Skiltið fyrir Kirkjufell er komið í framleiðslu og hefur Vegagerðin mælt út stæðið fyrir það ásamt snúningsplani. Sótt verður um styrk frá Pokasjóði til að setja upp panoramamynd með örnefnum á áningarstað á Vatnaleið og/eða Axlarhyrnu. Varðandi vottun Green Globe 21, þá verður fljótlega haldinn fundur með sveitarstjórnarmönnum og stefnt er að lokaúttekt í mars. Stefnt er á að Green Globe 21 verkefnið verði kerfisbundið kynnt á þessu ári fyrir meðlimum klúbba á Snæfellsnesi. Umhverfisfulltrúi heimsækir reglulega forstöðumenn, starfsmenn sveitarfélaga, skólastjórnendur og fleiri á Snæfellsnesi.

### 3. Bæklingur

Guðrún kynnti hugmynd að vinnutilhögun og efni bæklinga. Skal hann verða tilbúinn fyrir 10. apríl til að koma honum á sýninguna „Sumarið 2006” sem verður í Laugardagshöll 21.-23. apríl. Hrafnhildur tók að sér að gera tilboð í hönnun og uppsetningu bæklinga. Framkvæmdaráðið mun kanna með ljósmyndir í bæklinginn. Bréf verður sent þjónustuaðilum í ferðapjónustu og þeim boðið að auglýsa í honum.

### 4. Vefsíða

Ekki hefur verið gerður rammi að veftré og er það fyrsta verkefni. Einnig að athuga hvort netsíðan [www.visitsnaefellsnes.com](http://www.visitsnaefellsnes.com) sé laus og kaupa lénið ef svo er. Hrafnhildur mun gera tillögu að nýju veftré.

### 5. Umhverfisráðstefna

Ákveðið var að fresta fyrirhugaðri ráðstefnu um umhverfismál fram í september 2006. Fyrstu drög að dagskrá hennar voru lögð fram til umfjöllunar og ákveðið að vinna með þau nánar.

## 6. Úttekt

Erlendur úttektaraðili mun gera úttekt vegna vottunar Green Globe 21 á sveitarfélögunum í mars. Undirbúningsúttekt verður gerð nú fljótlega í samvinnu við Hólaskóla og mun Guðrún koma að henni með fulltrúa Hólaskóla.

## 7. Umsóknir um styrki

Ákveðið var að sækja um styrk frá Pokasjóði (þegar hann auglýsir) til að setja upp panoramamynd með örnefnum á áningarstað á Vatnaleið og/eða Axlarhyrnu. Meðlimir Framkvæmdaráðsins eru beðnir um að koma með tillögur að umhverfisverðlaunum og fylgjast með hvar hægt er að sækja um styrki.

## 8. Marteinn Njálsson frá Suður-Bár, varaformaður Ferðamálasamtaka Snæfellsness og formaður Ferðamálasamtaka Vesturlands, kom í heimsókn um kl. 16 og var erindið að ræða mögulegt samstarf Ferðamálasamtakanna og Framkvæmdaráðsins, t.d. um gerð kynningarbæklinga um Snæfellsnes. Nokkur umræða varð um málið en ákveðið var að Ferðamálasamtökin fresti endurútgáfu á Snæfellsneskortinu um sinn á meðan reynslan af nýjum bæklingi Framkvæmdaráðsins kemur í ljós. Ákveðið var að Framkvæmdaráðið og Ferðamálasamtökin myndu senda út sameiginlegt bréf til

þjónustuaðila, þar sem útgáfa bæklingisins væri kynnt og óskað væri eftir auglýsendum.

Fundi slitið kl 17.30 og næsti fundur ákveðinn í kringum 20. febrúar.

Fundarritari: Lydía Rafnsdóttir.

Guðrún G. Bergmann

formaður Framkvæmdaráðs Snæfellsness